

Persónuverndarstefna

Kviku eignastýringar hf.

Samþykkt í janúar 2023
Ábyrgðaraðili: Persónuverndarfulltrúi

1. Inngangur og gildissvið

Kvika eignastýring hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík (hér eftir „**KE**“ eða „**félagið**“) sérhæfir sig í stýringu fjármuna og starfrækir úrval skuldabréfa, lausafjár og hlutabréfasjóða sem eru rafrænt skráðir og opnir almenningi til fjárfestingar. Félagið rekur einnig blandaða sjóði og aðra sérhæfða sjóði. KE er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 128/2011 og er rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020. Starfsleyfi félagsins samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki tekur einnig til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar, vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina og hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu og móttöku og miðlunar fyrirmæla varðandi fjármálagerninga. Vörslufyrirtæki félagsins er Kvika banki hf., kt. 540502-2930 (hér eftir „**Kvika banki**“).

KE er ábyrgðaraðili, í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sérhverra persónuupplýsinga sem félagið eða aðrir í þess þágu safna og vinna um viðskiptamenn félagsins. Félagið ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við gildandi persónuverndarlög. Félagið hefur gert útvistunarsamning við móðurfélag sitt, Kviku banka í samræmi við 18. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði o.fl. og vinnur Kvika banki persónuupplýsingar á vegum KE samkvæmt útvistunarsamningnum og í samræmi við vinnslusamning um vinnslu persónuupplýsinga milli Kviku banka og KE.

Í stefnu þessari verður farið yfir meðferð KE á persónuupplýsingum sem unnar eru í tengslum við starfsemi félagsins og þá þjónustu sem félagið veitir. Markmið persónuverndarstefnunnar er að upplýsa viðskiptamenn félagsins um vinnslu persónuupplýsinga hjá KE, tilgang og grundvöll vinnslunnar af hálfu félagsins og veita viðskiptamönnum upplýsingar um réttindi sín með það fyrir augum að tryggja sanngjarna og gagnsæja vinnslu á persónuupplýsingum í samræmi við persónuverndarlög. Stefnan gildir ekki um lögaðila.

Þegar vísað er til viðskiptamanns í stefnu þessari eru átt við fjárfesta, fyrirsvarsmenn lögaðila/fjárfesta og aðra þá einstaklinga sem félagið vinnur persónuupplýsingar um.

2. Tegundir og uppruni persónuupplýsinga

KE vinnur með ýmsar persónuupplýsingar um viðskiptamenn félagsins meðal annars til að uppfylla skyldur sem hvíla á félaginu samkvæmt lögum, einkum lögum um aðgerðir gegn peningabætti o.fl. og lögum um verðbréfavíðskipti. Hér á eftir er lýsing á flestum þeim flokkum persónuupplýsinga sem félagið vinnur með og lýsing á tilgangi vinnslu þessara upplýsinga.

- **Samskiptaupplýsingar:** nafn, heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar s.s. eins og netfang og símanúmer og starfstíll svo félagið geti haft samband við einstaklinga.

- **Kennitala, skilríki og auðkenni:** Kennitölur, skilríki, upplýsingar um þjóðerni, t.d. eins og vegabréf, ökuskríteini og rafræn auðkenni svo að félagið geti borið kennsl á einstakling
- **Fjárhagsupplýsingar:** KE gefur t.d. út skilríki fyrir eignarréttindum að sjóðum í rekstri félagsins og heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskríteina í sjóðunum þar sem lögum samkvæmt þarf m.a. að skrá söludag skríteinis, nafnverð skríteinis og heildarfjöldi útistandandi skríteina.
- **Samningsupplýsingar:** Atriði er varða þá samninga sem einstaklingur hefur gert við félagið og upplýsingar um þær vörur og þá þjónustu sem félagið veitir einstaklingi svo hægt sé að framfylgja ákvæðum samninga.
- **Upplýsingar um samskipti:** Upplýsingar sem félagið fær um einstakling með bréfum og tölvupóstum sem einstaklingar senda félaginu svo félagið geti veitt einstaklingi þjónustu, bætt hana og brugðist við erindum hans og ábendingum.
- **Opinberar upplýsingar:** T.d. upplýsingar úr þjóðskrá, fasteignaskrá, hlutafélagaskrá og öðrum opinberum skráum ásamt upplýsingum sem hægt er að fá aðgang að hjá fjárhagsupplýsingastofu eða upplýsingar sem hafa verið gerðar opinberar á internetinu. Þessar upplýsingar eru notaðar í ýmsum tilgangi í tengslum við starfsemi Kvíku eignastýringar.
- **Skjöl sem einstaklingur hefur undirritað eða afhent:** Geymd eru afrit af þeim samningum sem einstaklingar hafa gert við félagið og skjölum sem einstaklingar hefur afhent félaginu í tengslum við gerð slíkra samninga. Þetta er gert til að sanna tilvist skjalanna og efnisatriði þeirra.
- **Rafræn vöktun:** Haft er eftirlit með starfsstöð félagsins með eftirlitsmyndavélum í öryggis- og eignavörsluskyni.
- **Hljóðritun símtala:** Símtöl einstaklinga við félagið eru hljóðrituð. Þessi vinnsla fer t.d. fram til þess að hægt sé að færa sönnur á því hvort viðskipti hafi farið fram og í öryggisskyni.
- **Samþykki:** Hvers konar samþykki eða leyfi sem einstaklingur veitir félaginu. Í þessu felast m.a. upplýsingar um hvernig einstaklingur vill að haft sé samband við hann, t.d. hvort hann afþakki bréfasendingar frá félaginu.
- **Kökur:** Kökur (e. cookies) eru litlar tölvuskrár sem eru sendar í tölvu einstaklinga eða snjalltæki þegar einstaklingur heimsækir vefsíðu. Þær vistast í tæki einstaklings og eru sendar til baka þegar hann heimsækir vefsíðuna aftur. Kökurnar geyma upplýsingar um heimsóknir einstaklings á vefsíður t.d. svo hann þurfi ekki að slá inn notendanafn eða lykilorð í hvert sinn sem hann heimsækir vefsíðuna eða til að greina umferð á vefsíðu.
- **Upplýsingar um hæfi:** Félagið metur hæfi viðskiptamanns til að eiga viðskipta og vinnur í þeim tilgangi upplýsingar um menntun og reynslu viðskiptamanns, fjárhagslega stöðu og áhættusækni í því skyni að flokka viðskiptamann í almennan fjárfesti eða fagfjárfesti.

Viðskiptamanni er ávallt valkvætt að veita persónuupplýsingar. Séu upplýsingar ekki veittar kann það að hafa áhrif á möguleika félagsins til að veita viðskiptamanni þjónustu.

3. Heimildir til vinnslu persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd er KE aðeins heimilt að vinna persónuupplýsingar ef heimild er í lögnum til grundvallar vinnslunnar. Það fer eftir eðli samningssambands viðskiptamanns og félagsins hvaða heimild liggur til grundvallar vinnslu persónuupplýsinga og í hvaða tilgangi upplýsingarnar eru unnar. Vinnsla persónuupplýsinga hjá félaginu byggir á eftirfarandi ástæðum:

a. Uppfylla samningsskyldur félagsins

Í því skyni að stofna til og efna samningsskyldur félagsins við viðskiptamenn safnar KE ákveðnum persónuupplýsingum, einkum upplýsingum sem auðkenna viðskiptamann, samskiptaupplýsingar og hlutdeild í sjóðum sem félagið rekur.

b. Lagaskylda

Vinnsla KE á persónuupplýsingum byggir að miklu leyti á nauðsyn félagsins til að uppfylla ýmsar lagalegar skyldur sem leggja skyldu á félagið að vinna ákveðnar persónuupplýsingar í tilteknum tilgangi. Þar má nefna eftirfarandi lög:

- Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki;
- Lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti o.fl.;
- Lög nr. 115/2021 um markaði með fjármálagerninga;
- Lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði o.fl.; og
- Lög nr. 145/1994 um bókhald.

Til að mynda ber KE skylda til að afla upplýsinga um hlutdeild eigenda hlutdeildarskírteina í sjóðum félagsins í samræmi við lög um verðbréfasjóði og upplýsingar um menntun og reynslu viðskiptamanns til að flokka hann í samræmi við lög um markaði með fjármálagerninga. Kvika banki sér um að afla upplýsinganna f.h. KE og flokka viðskiptavini.

Þá ber KE skylda til að verða við beiðnum yfirvalda eins og Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, embættis héraðssaksóknara, Skattsins, tollgæsluyfirvalda eða annarra þar til bærra yfirvalda um upplýsingar frá bankanum um viðskiptamann, að því gefnu að skýr lagaheimild liggja slíkum beiðnum til grundvallar.

Eftirfarandi eru dæmi um vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli lagaskyldu:

- * áreiðanleikakönnun einstaklinga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- * greining og rannsókn á málum er varða peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, fjársvik og annars konar refsiverða háttsemi
- * lögboðið innra eftirlit
- * varðveisla tiltekinna persónuupplýsinga á grundvelli laga um ársreikninga, laga um bókhald og laga um verðbréfavíðskipti

c. Gæta lögmætra hagsmuna félagsins eða þriðja aðila

KE vinnur persónuupplýsingar á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins í afmörkuðum tilvikum. Ef vinnsla persónuupplýsinga er nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna félagsins þá kann félagið að vinna persónuupplýsingar um viðskiptamann umfram það sem þarf til að uppfylla og framfylgja samningsskyldum bankans, nema hagsmunir viðskiptamanns vegi þyngra.

KE vinnur persónuupplýsingar á þessum grundvelli einkum í tengslum við eigna- og öryggisvörslu bankans, t.d. í tengslum við:

- * að framfylgja kröfum félagsins eða þriðja aðila;
- * áhættustýringu;
- * forvarnir gegn svikum og skipulagðri glæpastarfsemi;
- * upplýsingaöryggi í félaginu;
- * eftirlit á starfstöð félagsins og aðgangsstýringar;
- * almennt viðskiptamannahald og samskipti;
- * markaðssetningu, nema viðskiptamaður hafir andmælt því; og
- * endurskoðun og hagræðingu á þjónustu.

Þá hefur félagið lögmæta hagsmuni af því að vinna með persónuupplýsingar viðskiptamanna til að þróa vörur og þjónustu félagsins svo mæta megi sem best þörfum og væntingum viðskiptamanna og til að

þróa vörur og þjónustu félagsins. Slík vinnsla fer ekki fram ef grundvallarréttindi og frelsi einstaklings um persónuvernd veða þyngra en hagsmunir af vinnslunni. KE vinnur með ýmsar persónuupplýsingar og greinir viðskiptamenn m.a. út frá viðskiptasögu og vörunotkun. Félagið hefur lögmæta hagsmuni af því að flokka viðskiptamenn (vildarflokkun) með ákveðnum hætti til þess að geta boðið þeim ýmsa sérsniðna þjónustu sem hentar þeim og verðlagt vörur og þjónustu á sem nákvæmasta hátt. KE hefur jafnframt lögmæta hagsmuni af því að vinna með persónuupplýsingar til beinnar markaðssetningar svo hægt sé að kynna fyrir viðskiptamanni þær sérsniðnu vörur og þjónustu sem félagið hefur að bjóða þeim. Félagið notar ýmsar leiðir til að þess, s.s. með skilaboðum í gegnum netbanka, gegnum app félagsins samfélagsmiðla og vefsíður félagsins en einnig með því að senda tölvupóst á netfang sem viðskiptamaður hefur gefið upp.

Eftirfarandi eru dæmi um vinnslu á þessum grundvelli:

- að bæta vöru- og þjónustuframboð;
- persónuupplýsingar eru greindar í flokka til þess að koma auga á tækifæri til að bæta vörur og þjónustu félagsins almennt og að greina tækifæri til að bjóða núverandi viðskiptamanni sérsniðnar vörur og þjónustu;
- að veita viðskiptavin sérsniðna og faglega ráðgjöf;
- að greina og rannsaka mál er varða net- og upplýsingaöryggi, m.a. til að koma í veg fyrir fjársvik; og

d. Samþykki

Ef viðskiptamaður hefur veitt félaginu samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga í ákveðnum tilgangi er samþykki grundvöllur slíkrar vinnslu. KE aflar samþykkis viðskiptamanns ef fyrir sé að persónuupplýsingar verði notaðar í öðrum tilgangi en þegar þeirra var upphaflega aflað. Dæmi um slíkt er að bjóða viðskiptamanni þjónustu annarra aðila, s.s. tryggingafélaga eða bankaþjónustu. Í slíkum tilvikum veitir bankinn viðskiptamanni nánari upplýsingar um þá tilteknu vinnslu persónuupplýsinga sem samþykkið nær til.

Viðskiptamaður á ávallt rétt á því að draga samþykki sitt til baka. Afturköllun samþykkis hefur þó ekki áhrif á lögmæti vinnslu persónuupplýsinga sem átti sér stað fyrir afturköllun.

e. Vinnsla persónuupplýsinga um börn

Vinnsla Kviku á persónuupplýsingum um barn getur farið fram ef það er nauðsynlegt í þeim tilgangi að framkvæma umbeðin viðskipti eða þjónustu, t.d. vegna stofnunar greiðslureiknings, útgáfu debetkorts, opnun aðgengis að netbanka. Bankinn aflar samþykkis forráðamanns fyrir vinnslu persónuupplýsinga um barn áður en barni sem ekki hefur náð 13 ára aldri er boðin rafræn þjónusta, í samræmi við lög um persónuvernd. Bankinn sendir markaðsefni er varðar kynningu á vörum og þjónustu sem ætlað er börnum til forráðamanna þeirra. Forráðamenn hafa möguleika á að afþakka markaðsefni með því að hafa samband við bankann á netfangið kvika@kvika.is eða símanúmer 540-3200

4. Hverjir hafa aðgang að persónuupplýsingunum

Starfsmenn KE hafa aðgang að persónuupplýsingum að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla samningsskyldur félagsins við viðskiptamenn. Starfsmenn KE eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna samkvæmt 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 nema lagaskylda hvíli á félaginu eða ef viðskiptamaður hefur veitt samþykki sitt fyrir miðlun upplýsinganna. Þá hafa starfsmenn Kviku banka, sem samkvæmt útivistunarsamningi milli Kviku banka og KE vinna persónuupplýsingar um viðskiptamenn félagsins sem nauðsynlegar eru til að Kvika banki geti veitt félaginu þá þjónustu sem kveðið er á um í útivistunarsamningnum, aðgang að persónuupplýsingum að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla samningsskyldur.

Yfirvöld kunna að fá í hendur persónuupplýsingar frá félaginu. Þar á meðal eru; Ríkisskattsstjóri, Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, Seðlabankinn, lögregluþjónusta samkvæmt heimild eða með samþykki viðkomandi einstaklings o.s.frv. Auk framangreinds kunna aðrir aðilar líkt og Nasdaq Iceland (Kauphöll Íslands), Nasdaq CSD (áður Verðbréfasráning Íslands) og viðskiptabankar viðskiptamanna að fá persónuupplýsingar frá félaginu í afmörkuðum tilvikum.

5. Miðlun utan evrópska efnahagssvæðisins

Í vissum tilvikum kunna gögn að vera flutt úr landi og út fyrir Evrópska efnahagssvæðið (EES), til dæmis í þeim tilgangi að uppfylla samningsskyldur við viðskiptamann eða skyldur sem hvíla á félaginu samkvæmt lögum. KE miðlar aðeins persónuupplýsingum til landa utan EES-svæðisins ef það er nauðsynlegt í því skyni að framkvæma beiðnir viðskiptamanns, s.s. greiðslubeiðnir eða viðskiptabeiðnir, þess er krafist samkvæmt lögum. s.s. tilkynningarskylda samkvæmt skattalöggjöf (CRS og FATCA) eða viðskiptamaður hefur veitt samþykki fyrir slíkri miðlun. Þegar miðlun á sér stað þá ber KE ábyrgð á því að viðeigandi verndarráðstafanir séu til staðar hjá viðtakanda svo fullnægjandi vernd persónuupplýsinga þinna sé tryggð.

6. Varðveislutími

KE varðveitir persónuupplýsingar um viðskiptamenn á meðan á samningssambandi þeirra stendur. Þegar samningssambandi lýkur þá eyðir félagið persónuupplýsingunum séu þær ekki nauðsynlegar til að uppfylla lögbundnar skuldbindingar. Að jafnaði eru persónuupplýsingar varðveittar í 5-7 ár frá lokum viðskiptasambands og byggir sá varðveislutími á þeim lögum sem um starfsemina gilda, einkum lögum um verðbréfavíðskipti og lögum um peningaþvætti o.fl.

Hljóðritanir eru varðveittar í samræmi við innri reglur félagsins um rafræna vöktun og skilgreina þær reglur hvaða borðsímur og farsímur eru hljóðritaðir og hversu lengi skuli geyma símtölin. Geymslutíminn er 5 ár ef um er að ræða fyrirmæli vegna verðbréfavíðskipta en annars 90 dagar.

7. Réttindi viðskiptamanna

Samkvæmt persónuverndarlögum njóta viðskiptamenn ákveðinna réttinda í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga um þá. Viðskiptamenn hafa rétt til að:

- Óska eftir upplýsingum um hvernig félagið vinnur persónuupplýsingar um þá og fá afrit af þeim upplýsingum;
- Óska eftir því að félagið leiðrétti óáreiðanlegar persónuupplýsingar sem það vinnur eða fullgeri ófullkomnar persónuupplýsingar;
- Óska eftir því að fá persónuupplýsingarnar á skipulegu, algengu og tölvulesanlegu sniði og fá þær sendar annarri stofnun;

- Óska eftir því að félagið takmarki vinnslu persónuupplýsinga í ákveðnum tilvikum, s.s. þegar vinnslu hefur verið andmælt;
- Óska eftir því að félagið eyði persónuupplýsingum um þá tafarlaust ef þeir telja að upplýsingarnar séu ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra, þeir draga til baka samþykki sem vinnsla þeirra byggist á og ekki er annar lagagrundvöllur fyrir vinnslunni eða ef vinnsla upplýsinganna er ólöglegt;
- Andmæla vinnslu félagsins í þágu beinnar markaðssetningar;
- Andmæla vinnslu félagsins á grundvelli lögmætra hagsmuna þeirra, þ.á.m. vinnslu sem felur í sér persónugreiningu;
- Leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef viðskiptamaður álitur að vinnsla á persónuupplýsingum hans brjóti í bága við gildandi lög.

KE er heimilt í afmörkuðum tilfellum að hafna því að persónuupplýsingum um viðskiptamenn sé eytt, þær fluttar eða að þeir fáir aðgang að gögnum. Andmæli viðskiptamaður vinnslu mun félagið hætta vinnslu persónuupplýsinganna nema félagið geti sýnt fram á lagaskyldu eða lögmæta hagsmuni sem ganga framár hagsmunum viðskiptamanns.

Kjósir þú að nýta þér réttindi þín sem viðskiptamaður félagsins getur þú haft samband við persónuverndarfulltrúa félagsins (sjá samskiptaupplýsingar í lið 10).

8. Öryggi og vernd persónuupplýsinga

KE gerir viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda persónuupplýsingar viðskiptamanna gagnvart misnotkun, röskun og tjóni, og óheimilum aðgangi, breytingum eða birtingu. Þær ráðstafanir sem félagið styðst við eru einkum fólgnar í :

- Innleiðingu tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana sem ætlað er að tryggja viðvarandi trúnað, samfellu, tiltækileika og álagsspol vinnslukerfa og þjónustu;
- Stýringu á aðgengi einstaklinga að starfstöð okkar og öryggisvörslu;
- Stýringu á aðgengi starfsmanna og annarra að kerfum sem hafa að geyma persónuupplýsingar;
- Að tryggja að þeir sem hafa aðgang að persónuupplýsingunum viðskiptamanna, hafi gert viðeigandi verndarráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga; og
- Afmörkun varðveislutíma og eyðingu persónuupplýsinga viðskiptamanna.

Félagið útvistar rekstri upplýsingakerfa til móðurfélagsins, Kvíku banka, og við alla vinnu í tengslum við upplýsingaöryggi er tekið mið af staðli um upplýsingaöryggi, ISO 27001, og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

9. Endurskoðun á persónuverndarstefnunni

Stefna þessi verður uppfærð reglulega til samræmis við breytta viðskiptahætti og lagaskyldu og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara. Ef KE gerir verulegar breytingar á því hvernig félagið vinnur persónuupplýsingarnar viðskiptamanna mun stefnan verða uppfærð til að endurspeglja þær breytingar. KE hvetur viðskiptamenn til að skoða þessa stefnu reglulega til að vera upplýstir um hvernig félagið notar og verndar persónuupplýsingar. Endurskoðuð stefna verður birt á vefsíðu félagsins – www.kvikaegnastyring.is

10. Samskiptaupplýsingar

Samkvæmt persónuverndarlögum er fyrirtækjasamstæðu heimilt að skipa einn persónuverndarfulltrúa. KE er dótturfélag Kviku banka og hefur gert þjónustusamning við Kviku banka um verkefni persónuverndarfulltrúa. Einstaklingar geta haft samband við persónuverndarfulltrúa með öll mál sem tengjast vinnslu á persónuupplýsingum þeirra og hvernig þeir geta neytt réttar síns samkvæmt lögum um persónuvernd. Netfang persónuverndarfulltrúa er personuvernd@kvikaeignastyring.is.

Við hvetjum viðskiptamenn til að kynna sér stefnuna vel og hafi þeir einhverjar athugasemdir eða spurningar um mál sem tengjast vinnslu á persónuupplýsingum og hvernig þeir geta neytt réttar sína samkvæmt lögum um persónuvernd biðjum við þá að hafa samband við persónuverndarfulltrúa KE með bréfpósti eða tölvupósti.

Kvika eignastýring hf.
Katrínartún 2
105 Reykjavík
B.t. Persónuverndarfulltrúi
Netfang: personuvernd@kvikaeignastyring.is

Persónuverndarstefna þessi var síðast endurskoðuð í janúar 2023.